


## Tilkynningar

**Fjáröflunardeild kirkjufélags Digranesprestakalls** heldur félagsvist í safnaðarheimilinu við Bjarnhólastíg í dag, laugardag, kl. 14.30.

**Félagsvist Húvetningafélagsins** verður spilið laugardaginn 25. janúar 1986 kl. 14 í Skeifunni 17. Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir.

**Kvenfélag Óháða safnaðarins** verður með kaffisölu í Kirkjubæ eftir messu sunnudaginn 26. janúar til ágóða fyrir Bjargarsjóð. Einleikur á gítar og almennur söngur.



### Málverkasýning Sigfúsar Halldórssonar á Kjarvalsstöðum

Allar myndirnar eru úr Reykjavík. Þetta er 7. einkasýning Sigfúsar. Myndirnar eru 150 að tölu, mestur hlutinn vatnslitir en einnig olíulitir, pastellitir og blýantur. Myndirnar eru unnar frá árinu 1982 og fram á þetta ár. Sýningin er sölusýning. Sigfús hefur áður haldið sýningar víðs vegar um landið, tekið þátt í samsýningum hér og erlendis. Sýningin verður opnuð í dag kl. 14 og

verður opin daglega frá kl. 14-22 og lýkur 10. febrúar. Nýr lagaflökkur „Austurstræti“ við ljóð Jónasar Guðmundssonar verður frumfluttur við opnun sýningarinnar og ef til vil aftur síðar. Áður en sýningunni lýkur. Um kvöldið kl. 21 koma í heimsókn þau Elín Sigurvinsdóttir og Friðbjörn Jónsson og flytja þau lög eftir Sigfús með hans aðstoð. Þau koma einnig á sunnudaginn, 26. jan., kl. 16 og kl. 21. Einhver músikuppá-koma verður á hverju kvöldi meðan sýningin stendur.



Ólöf Bergsdóttir við búðarborðið í snyrtistofunni.

### Snyrtistofa

Frá Kristjáni Einarssyni, fréttaritari DV á Selfossi:

Ólöf Bergsdóttir opnaði nýlega snyrtistofu á Selfossi. Ólöf er innfæddur Selfossbúi og hefur hún undanfarið ár verið með starfsemi sína í forstofuherberginu heima hjá sér. Nú hefur hún fært út kvíamar og flutt í rúmgott húsnæði úti í bæ.

Snyrtistofa Ólafar, Grænuvöllum 4, býður upp á alla almenna þjón-

ustu, andlitsböð, húðhreinsun, litun, pökkun, förun, fóta- og handeðkaferð. Einnig er Ólöf með sérstaka vaxmeðferð fyrir andlit og fætur. Sagði hún að fólk úr Reykjavík kæmi austur til að fá þessa meðferð.

Á stofunni eru til sölu snyrtivörur frá Finnlandi „Lumene“ bæði fyrir konur og karla. Sagði Ólöf að þessar snyrtivörur hentuðu vel hér á landi vegna þess veðurfars sem væri hér. Stofan er opin frá kl. 10.00-18.30 alla virka daga.

### Félag starfsfólks í veitingahúsum

Félagsfundur verður haldinn á Hótel Esju þriðjudaginn 28. janúar 1986 kl. 17. Fundarefni: 1. Undirbúningur kjarasamninga. 2. Samstarfið í verkalyðshreyfingunni. 3. Útgáfumál og húsnæðis kaup FSV. 4. Önnur mál. Sýnið samstöðu og mætið.

### Kaffisala og kökubasar 6. bekkjar Verslunarskólans

6. bekkur Verslunarskóla Íslands heldur kaffisölu og kökubasar í húsnæði skólans að Ofanleiti 1, sunnudaginn 26. janúar milli kl. 14 og 18. Gamlir verslingar og aðrir velunnar eru sérstaklega boðnir velkomnir.

### Tapað – Fundið

#### Skjalataska tapaðist

Fyrir tæpri viku hvarf ljósgul skjalataska, líklegast í vesturbænum. Finnandi vinsamlegast hringi í síma 15535.

#### Páfagaukur tapaðist í Hlíðunum.

Ungur blár páfagaukur tapaðist frá Eskihlíð 6 þann 21. janúar sl. Ef einhver hefur orðið var við hann þá vinsamlegast hringið í síma 10472 eftir kl. 20.

#### Monsi týndur úr Breiðholti.

Sl. laugardag týndist frá heimili sínu, Írabakka 22 í Breiðholti, heimilis-kötturinn Monsi. Hann er einlitur fress, steingrár, ómerktur en gegnir nafninu sínu. Fundarlaunum er heitið. Þeir sem halda sig hafa séð hann eða geta gefið upplýsingar um hann eru beðnir um að hringja í síma 73744.

# Fatadeild SÍS hættir

— um 65 manns missa vinnuna

Frá Jóni G. Haukssyni, fréttamanni DV á Akureyri.

Fatadeild Sambandsins á Akureyri, áður Hekla, verður lögð niður í lok apríl. Starfsfólk deildarinnar, 65 manns og mest saumakonur, fær uppsagnarbréf sín innan skamms. Mikið tap hefur verið á fatadeildinni, milljón á mánuði. 12 milljóna kr. tap á síðasta ári á sama tíma og sala nam 40 milljónum kr.

Það var Hjalti Pálsson, forstjóri verslunardeildar Sambandsins, sem greindi starfsmönnum fatadeildarinnar frá þessu á fundi með þeim á Akureyri í kvöld.

„Þetta ætlar að vera eftirminnilegur bóndadagur hjá mér. Fyrst að þurfa að segja fólkinu upp og síðan fréttin um ákærana,“ sagði Hjalti við DV eftir fundinn.

Það var á miðjum fundinum með starfsfólkinu sem Hjalti fékk símrhringingu. Í símanum var honum sagt frá ákæru ríkissaksóknara í kaffibaunamálinu.

Um fimmtíu saumakonur vinna hjá fatadeildinni. Flestar eru búnar að vinna hjá Sambandinu í mörg ár. Fram kom á fundinum að hægt er að útvega um 30 manns vinnu í öðrum deildum Sambandsins á Akureyri.

### Rafmagnsbilanir

í Austur-Skaftafellssýslu:

## „Mest ísing á rafmagnslínunum í tuttugu ár“

„Þetta er allt að komast í land. Skemmdir urðu meiri en við reiknuðum með. Hoffells- og Svínafellslínan var illa farin og hefur verið unnið við viðgerð á henni í dag. Þessari viðgerð lýkur í fyrramálið,“ sagði Erling Garðar Jónsson, rafveitustjóri Austurlands, í viðtali við DV í gær. Eins og hefur komið fram fór rafmagn af mörgum bæjum í Austur-Skaftafellssýslu í óveðrinu sem gekk þar yfir fyrr í vikunni.

„Þá hefur verið unnið á fullum krafti við viðgerð á byggðalínunni. Níu menn frá Landsvirkjun unnu við þá viðgerð í nótt. Þeir settu upp nýjar stæður fyrir línuna í Almanaskarði, en þar brotnuðu niður á þriðja tug rafmagnsstaura.

Það var óvenjumikil ísing á svæðinu - ein sú mesta í 20 ár. Ísinn á rafmagnsstaurum var allt að 10-15 cm í þvermál. Bændur aðstoðuðu við að brjóta ísinn af staurunum. Við vorum með átján

menn frá RARÍK. Liðsauki kom frá Klaustri, Hvolsvelli og Egilsstöðum. Allt í allt voru því 30 manns við vinnu. Þetta hefur verið erfitt verk. Það eru um 100 km á milli staða sem hafa verið rafmagnslaugar. Aðstæður voru óvenjuslamar og færð erfið.

Það hefur allt verið gert til að bændur fái rafmagn sem fyrst. Íslenski bóndinn er mjög háður rafmagn. Föðurrásir eru rafknúðar og þá nota kúabændur mjaltavélar, enda ógjörningur að handmjólka á stórum kúabúum. Við vonum að bændur hafi ekki orðið fyrir skaða vegna rafmagnsleysisins,“ sagði Erling Garðar.

Erling sagði að það hefði verið flogið yfir allt línakerfið frá Möðrudal á Fjöllum til Sigöldu í gær. Engin ísing var á rafmagnslínunum. Það kom í ljós að á fjórða tug rafmagnsstaura hafði fallið á svæðinu og spennistöðvar höfðu farið um koll. -SOS

## STJÓRN IÐJU VILL NÝJAN FORMANN

„Þessi útnefning mín er framhald af vangaveltum manna undanfarin tvö ár um að breyta til í stjórninni,“ sagði Guðmundur P. Jónsson, varaformaður Iðju, félags verksmiðju-fólks í Reykjavík, í samtali við DV.

Í vikunni samþykkti stjórn og trúnaðarmannaráð Iðju samhljóða tillögu uppstillingarnefndar félagsins um nýja stjórn fyrir félagið. Er þar mælt með Guðmundi P. sem formanni í stað Bjarna Jakobssonar er gegnt hefur starfinu í tíu ár.

Er með þessu verið að lýsa yfir vantrausti á Bjarna?

„Það er alveg ljóst að tillögur eins og þessi eru ekki gerðar nema menn vilji einhverjar breytingar,“ sagði Guðmundur.

Hann sagði að á aðalfundi félagsins, sem haldinn verður í febrúar, yrði stjórnin kosin. Ef ekkert mótframboð kæmi yrði hann sjálfkjörinn, annars yrði kosið. Framboðsfrestur til formanns rennur út 31.

janúar.

„Ég veit ekkert um það hvort eitt-hvert mótframboð kemur. Hins vegar kom mér ekki á óvart að ég skyldi útnefndur til þessa starfs. Það var búið að ræða það og ég geri mér vonir um að ég verði sjálfkjörinn á aðalfundinum,“ sagði Guðmundur P. Jónsson.

Ekki náðist í Bjarna Jakobsson.

- KD

## Flaggað á Húsavík

Togarinn Kolbeinsey sigldi inn á Húsavíkurhöfn í gærmorgun. Margir voru ánægðir að sjá „týnda soninn“ vera kominn heim á ný. Fánar voru dregnir að húni. -SOS

**ÁSTFANGIN?**

og vantar  
**TRÚLOFUNARHRINGA**  
eð sendum  
**MYNDALISTA**  
og  
**PÓSTSENDUM**  
hringana

Gullsmíður  
Jóhannes Leifsson  
Laugavegi 30  
Reykjavík

SÍMI 1 92 09

### Nauðungaruppboð

annað og síðasta á Melgerði 11, þingl. eign Árna Sigurðssonar, fer fram eftir kröfu Vilhjálms H. Vilhjálmssonar hdl., Hafsteins Sigurðssonar hrl., Guðjóns Jónssonar hdl. og Garðars Garðarssonar hdl. á eigninni sjálfri mánudaginn 27. janúar 1986 kl. 11.15.

Borgarfégetaembættið í Reykjavík.

### Nauðungaruppboð á lausafé

Eftir kröfu Útvegsbanka Íslands verður mölunar- og hýrpunarvélasamstaða, Unicompact 2 frá Baioni s.p.a. (framleiðslunúmer 12521), ásamt öllum tilheyrandi fylgihlutum, þ.m.t. F-10 Deutch dísilraafstöð (framleiðslunúmer 1413), mótör og generator, talið eign Valbergs sf., Helenar Guðrúnar Pálsdóttur og Jóns Hauks Ólafssonar og/eða framleiðanda, selt á opinberu uppboði, sem fer fram föstudaginn 31. janúar 1986 kl. 14.00, við námu í landi Stóru-Fellsaxlar við Grundartangaveg, Skilmannahreppi, Borgarfjarðarsýslu.

Sýslumaðurinn í Kjósarsýslu.